

150. þingflokksfundur, mánudaginn 25. janúar 2016, kl. 13.00.

Mætt eru: Alla, Ásta og Birgitta. Helgi Hrafn forfallast vegna veikinda.

Fundargerð ritar: Alla

1. Fundargerð

Frestað.

2. Bréf af þingflokksformannafundi

Birgitta greindi frá því sem kom fram á suttum þingflokksformannafundi. Forseti féllst á að gefa lengri tíma í umræður um loftslagsmál á þriðjudag og verða þær í einn og hálfan tíma. Birgitta fór yfir drög að dagskrá vikunnar. Umræða um alþjóðastarf fer fram í vikunni m.a. um IPU. Birgitta mun óska eftir að fá að leggja fram skýrslubeiðni v. IPU ályktunar sama dag.

3. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag. Birgitta mun eiga orðastað við forsætisráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma.

4. Höfundaréttarfrumvörp

Ásta fór stuttlega yfir málin og drög að nefndarálitum meirihlutans.

5. Húsnæðisfrumvörpin

Ákveðið var að óska eftir kynningu frá ráðuneytinu á málunum.

6. Samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning að gerð heildarlaga um stofnanakerfið.

Alla kannar hvort og hvenær frumvarpið kemur fram. Málið verður tekið fyrir síðar.

7. Málefnafundir um stjórnarskrá

Fundir verða settir þegar Birgitta er á landinu í næstu viku. Alla fer í að finna rétta tímasetningu.

8. Frumvarp til laga um almennar íbúðir

Verður rætt eftir kynningu um húsnæðismál.

9. Önnur mál

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.